

Siglingastofnun Íslands

SOLAS POLAR CODE.

Fundur SA um samgöngumál

16. ágúst 2011

Ólafur J. Briem

Siglingastofnun Íslands



SIGLINGASTOFNUN

1

Siglingastofnun Íslands

SOLAS – POLAR CODE

Inngangur

- Umferð skipa, þmt, farþegaskipa um heimskautasvæðin hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum.
- Stjórnvöld, sem hafa skyldum að gegna varðandi eftirlit og björgun á heimskautasvæðum, hafa af þessu vaxandi áhyggjur.
- Hlýnun jarðar veldur því að hafissvæðin minnka og stærri svæði eru fær skipum lengri tíma ársins.
- Möguleikar á að koma skipum tímanlega til aðstoðar í neyð eru víða takmarkaðir og erfiðari eftir því sem skip eru fjærri þeim stöðum þaðan sem unnt er að veita þeim aðstoð.
- IMO er sá vettvangur þar sem fjallað er um öryggi skipa. MSC nefnd IMO hefur samþykkt að setja skuldbindandi reglur um skip og siglingar skipa á heimskautasvæðum.



SIGLINGASTOFNUN

2

Siglingastofnun Íslands

SOLAS – POLAR CODE

Leiðbeinandi kóði, A.1024(26)

- Fyrstu leiðbeinandi tilmæli um smíði, búnað og rekstur skipa á heimskautasvæðum voru samþykkt og gefin út 2002. Sjá MSC/Circ 1056 og MEPC/Circ 399.
- MSC-nefnd IMO samþykkti og gaf út endurskoðaðan leiðbeinandi kóða árið 2009. Assembly resolution A.1024(26).
- Það hafsvæði sem ákvæði kóðans ná til afmarkast af 60. breiddarbaug að undanskildu hafsvæði í Norður Atlantshafi.
- A-hluti fjallar um smíði og vélbúnað skipa og gildir um þau skip sem eru sérstaklega búin og ætluð til siglinga í hafis.
- B-hluti fjallar um búnað skipa og gildir um öll skip sem eru í förum innan heimskautasvæðisins.
- C-hluti fjallar um rekstarleg málefni, öryggismönnun o. fl.
- D-hluti fjalla um mengunarvarnir



3

Siglingastofnun Íslands

SOLAS – POLAR CODE

Leiðbeinandi kóði, A.1024(26)

- Flokkun skipa eftir því hvort þau eru í siglingum í hafis eða á hafislausum svæðum.
- Annar vegar eru svonefnd “Polar Class” skip sem eru sérstaklega gerð og búin til siglinga í hafis
- Hins vegar eru önnur skip sem ekki er ætlað að sigla í hafis en eru á siglingu innan skilgreindra heimskautasvæða.
- “Polar Class” skipum er skipað í 7 flokka háð því hvaða þykkt og gerð hafis þau eru gerð fyrir.
- Ekki var gert ráð fyrir að skip, sem væru í förum á íslausum hafsvæðum, þyrftu að vera með ísstyrkingu.
- Kröfur um hafis-leiðsögumann í öllum skipum ef þau eru í förum á heimskautasvæðum.



4

Siglingastofnun Íslands SOLAS – POLAR CODE

Leiðbeinandi kóði, A.1024(26)



SIGLINGASTOFNUN

5

Siglingastofnun Íslands SOLAS – POLAR CODE

Nýr lögboðinn kóði

- Samhliða því að gefa út endurskoðaðan kóða samþykkti MSC-nefnd IMO að hefja gerð bindandi reglna um smíði, búnað og rekstur skipa sem er í förum á heimskautasvæðum. Þessar reglur verði bindandi.
- Umræður hafa að svo komnu eingöngu miðast við farþegaskip og vöruflutningaskip, ný og eftir atvikum gömul skip.
- Ákvæði kóðans byggja á SOLAS samþykktinni og MARPOL samþykktinni og tilgreina þær viðbótarkröfur sem tilefni er til að gera til skipanna.
- Þar sem ákvæði V. Kafla SOLAS um öryggi við siglingar gildir um öll skip, er látið að því liggja að gildissvið lögboðna kóðans muni taka mið af gildissviði V. Kafla og að ákvæðin þar með öðlist gildi gagnvart öllum skipum, einnig fiskiskipum.



SIGLINGASTOFNUN

6

Siglingastofnun Íslands

SOLAS – POLAR CODE

Nýr lögboðinn kóði

- V. Kafli SOLAS fjallar m.a. um:
 - Neyðarmerki
 - Veðurupplýsingar
 - Hafíseftirlit og siglingar í hafís
 - Samskipti
 - Öryggismönnun
 - Siglingatæki
 - Leit og björgun
 - Lóðsstigar
 - Siglingafræðilegar upplýsingar
 - Merkjaflögg o. fl.



SIGLINGASTOFNUN

7

Siglingastofnun Íslands

SOLAS – POLAR CODE

Nýr lögboðinn kóði


- Hafsvæði sem ákvæði leiðbeinandi kóða ná til:
 - Stuðningur er við óbreyttri legu línu sem afmarkar heimskautasvæði.
 - Ísland gerði fyrirvara um legu línunnar með vísan til þess að ef kóðinn ætti að gilda um fiskiskip, kynnu forsendur að vera aðrar en áður var gert ráð fyrir.
 - Með hlýnum jarðar kunna aðstæður að breytast mjög skjótt og því er tilefni til þess að lega línunnar komi til endurskoðunar að ákveðnum tíma liðnum.
 - Hugsanlegt er að hafa aðra viðmiðunarlínu fyrir fiskiskip, en til þess þarf að færa fram gild rök.
 - Bandaríkin hafa gert óformlega tillögu um að miða gildissvið við 60 breiddargráðu á báðum skautum.



SIGLINGASTOFNUN

8

Siglingastofnun Íslands *SOLAS – POLAR CODE*



SIGLINGASTOFNUN

9

Siglingastofnun Íslands *SOLAS – POLAR CODE*

Nýr lögboðinn kóði

- Verklag við gerð kóðans:
 - Þýskaland gerði tillögu um að við gerð kóðans yrði notast við svonefnda GBS, Goal Based Standard, aðferð sem byggir á því að skilgreina fyrst markmið og síðan byggja á nokkurs konar þarfagreiningu við að útfæra reglurnar.
 - Af þessu leiðir að ekki er gert ráð fyrir að byggja beint á fyrirbyggjandi leiðbeinandi kóða. Hann verður hafður til hliðsjónar.
 - Strax liggur fyrir að með því að aðrar undirnefndir IMO þurfa að fá tækifæri til að fjalla um einstaka þætti slíkra reglna verður ekki mögulegt að ljúka þessu verki fyrir árslok 2012 eins og ætlast var til.



SIGLINGASTOFNUN

10

Siglingastofnun Íslands *SOLAS – POLAR CODE*

Nýr lögboðinn kóði

- Flokkun ákvæða:
 - Kröfur er lúta að styrkleika bols og framdriftsbúnaðar vegna siglinga í haffis.
 - Kröfur er lúta að öruggri starfrækslu búnaðar vegna lágs umhverfishitastigs.
 - Kröfur er lúta að öryggi þeirra sem um borð eru við hefðbundin störf og í neyðartilvikum við óvenjulegar aðstæður
 - Kröfur er lúta að því að skipin eru í förum á hafsvæðum þar sem möguleikar á skjótri aðstoð í neyð eru takmarkaðir
 - Kröfur vegna umhverfisverndar, þ.e. bann við losun úrgangs og um ráðstafanir til að hindra bráðamengun .



SIGLINGASTOFNUN

11

Siglingastofnun Íslands *SOLAS – POLAR CODE*

Nýr lögboðinn kóði

- Tegund og aldur skipa:
 - Tekist er á um hvort og að hver miklu leiti ákvæðin skuli vera afturvirk, þ.e. gilda um eldri skip.
 - Gera má ráð fyrir að ákvæði um smíði og vélbúnað verði að hluta til afturvirk.
 - Ákvæði um öryggisbúnað verða örugglega afturvirk í það minnsta að hluta.
 - Ákvæði um rekstur verða örugglega afturvirk og munu gilda um öll skip
 - Ákvæði um varnir gegn mengun sjávar verða væntanlega afturvirk að stórum hluta



SIGLINGASTOFNUN

12

Siglingastofnun Íslands *SOLAS – POLAR CODE*

Nýr lögboðinn kóði

- Kaupskip
 - Skorður settar við siglingu skipa inn á heimskautasvæði.
 - Tilteknar kröfur gerðar til smíði, búnaðar og reksturs til að mega vera í förum á heimskautasvæðum.
 - Krafa til ísstyrkingar verður skilgreind
 - Kröfur til byggingar skipa vegna mengunarvarna munu aukast, (olía í geymum skipa liggi ekki að byrðing)
 - Kröfur um tegund eldsneytisólíu, til losunar útgangsefna.
 - Kröfur til þess að allur öryggisbúnaður þoli umhverfisaðstæður
 - Fyrirkomulag og gerð vistarvera, þ.m.t. flóttaleiða taki mið af umhverfisaðstæðum
 - Óljóst hvað “þröskuldur” fyrir almenn skip verður hár.



Siglingastofnun Íslands *SOLAS – POLAR CODE*

Nýr lögboðinn kóði

- Fiskiskip
 - Óljóst hvort og að hvaða marki reglur nái til fiskiskipa með því að kóðinn mun byggja á SOLAS samþykktinni.
 - Ef kóðinn verður þróaður miðað við SOLAS skip er vandséð hvernig beita eigi honum á Non-SOLAS skip.
 - Verði niðurstaðan sú að láta reglur nái til fiskiskipa, á hvaða grunni skal þá byggja reglurnar?
 - Torremolinos-samþykktin nærtækust.
 - Er tilefni til þess að gera tillögu um að kóðinn nái ekki til fiskiskipa í þeim tilgangi að fá úr því skorið?
 - Ef kóðinn á að nái til fiskiskipa kann að vera heppilegast að fela SLF undirnefnd að fjalla um þær kröfur..



Siglingastofnun Íslands

SOLAS – POLAR CODE

Nýr lögboðinn kóði

- Fiskiskip
 - Íslensk skip sem ætluð eru til úthafsveiða eru mörg hver þegar með ísstyrkingu
 - Þau eru með stöðugleika sem gerir ráð fyrir ísingu og að sú ísing sé umfram ákvæði Torremolinos-samþykktar
 - Íslensk skip eru búin:
 - búnaði til að berja ís af skipi
 - búnaði til að losa ísaða björgunarbáta
 - gúmmíbjörgunarbátum sem eru hentugri til nota við erfiðar veðurastæður svo sem lágt umhverfishitastig.
 - Það verða færri erlend skip á markaði sem eru að óbreyttri gerð og útbúin til siglinga innan heimskautasvæða.



SIGLINGASTOFNUN

15

Siglingastofnun Íslands

SOLAS – POLAR CODE

Nýr lögboðinn kóði

- Búnaður
 - Gúmmíbjörgunarbátar á íslenskum skipum þurfa að fullnægja séríslenskum reglum, sem einmitt hafa að markmiði að tryggja betur öryggi þeirra sem þurfa að dvelja í bátum í lengri tíma og við verri aðstæður.
 - Er tilefni til að gera tillögu um að skip á heimskautasvæðum verði almennt búin gúmmíbjörgunarbátum af íslenskri fyrirmynd?
 - Getur sjósetningabúnaður gúmmíbjörgunarbáta skipt sköpum þegar nota á gúmmíbjörgunarbáta á mjög ísuðum skipum?
 - Er íslenska sylgjan tæki sem auðveldar losun báta þegar losa þarf björgunarbáta þakta ísbrynju?



SIGLINGASTOFNUN

16

Nýr lögboðinn kóði

- Stefna
 - Siglingastofnun hefur boðað til funda í þeim tilgangi að kynna það starf sem nú er í gangi varðandi Polar Code og til þess að móta afstöðu til þeirra tillagna sem lagðar hafa verið fram.
 - Nauðsynlegt er að íslensk stjórnvöld í samstarfi við atvinnulífið ræði og marki sér stefnu að því er varðar bindandi reglur um siglingar á heimskautasvæðum.
 - Mögulegt er að hafa áhrif á framvindu málsins á fundum DE og með virkri þátttöku á milli funda.

